



## **Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur Grænni byggðar

**Staðsetning fundar:** Háskólinn í Reykjavík

**Dagsetning:** 23.06.2020 – 15:00 – 17:00

**Mættir eru:** Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, Ragnar Ómarsson, Kristján Arinbjarnar, Olga Árnadóttir, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Bjarni Þór Þórólfsen, Ólafur Wallewik og Elísabet Sara Emilsdóttir.

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsen (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Samorka - gyda@samorka.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/ olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar– tk@graennibyggd.is

### **Dagskrá fundar:**

- 1. Heimsókn frá BREEAM - Ana Mendoca frá BREEAM verður með okkur á Zoom i 15 mín til að fara yfir BREEAM champion**
- 2. Umræða um BREEAM Champion og BREEAM viðauka**
- 3. Fundargerð síðast fundar - samþykkja**
- 4. Kynning frá Ólafi Wallewik - málefni Rb. og fleira**
- 5. Fréttir úr starfinu - milli funda**
- 6. Stefnumótunarvinnustofa - með aðilum**
- 7. Rekstrarmál**
- 8. Annað**

**Eftir fund: Grænir drykkir og gleðistund**



## Dagskrá fundar:

### 1. Heimsókn frá BREEAM - Ana Mendoca frá BREEAM verður með okkur á Zoom í 15 mín til að fara yfir BREEAM champion

Heldur kynningu fyrir félagið vegna BREEAM Champion hlutverks sem GB ætlar mögulega að taka að sér fyrir íslenskan markað.

Þórhildur kynnir hópinn stuttlega og umræður sem hafa farið fram um Champion hlutverkið.

Ana heldur stutta kynningu í upphafi: **International partnerships – BREEAM NSO & Partnership Lead.**

Kynnir kerfið stuttlega og virkni þess. BREEAM hefur verið rekið í 30 ár. Kerfið gerir kröfur umfram byggingarreglugerðir í flestum löndum.

Vottaðar byggingar fyrst og fremst í Evrópu. Hafa hug á að sækja á aðra markaði í auknum mæli næstu árin.

Fer yfir tölfærðina fyrir Ísland. 13 vottuð verkefni. Fer yfir vottunarferlið og hlutverk matsmanna. Kröfur í handbók o.fl.

*The past – The future.* Staða og virkni kerfisins og framþróun næstu árin sem BRE stefnir að.

Takmörkuð hnattræn staða kerfisins – vilja fara víðar með kerfið. Í framtíðinni er planið að efla tegnslanet BREEAM og eiga meiri samskipti við viðskiptavinum.

Fer yfir mismunandi BREEAM hlutverk:

#### **BREEAM champion:**

BREEAM Awareness + associate training  
Agent rewards ( in some cases)

#### **BREEAM Ambassador :**

BREEAM AP + Assessor  
BREEAM services: QA and/ or technical queries

#### **BRE national scheme operator:**

Fully independent operations of BREEAM locally adapted scheme  
Managing CEEQUAL local verifiers.

Talar um þjálfun BREEAM aðila og innlendan markað.

Það sem BRE sér fyrir sér varðandi framþróun kerfisins næstu árin:

#### **Growth through partners:**

Improved accessibility



Adapted pricing  
Training in local language  
More classroom training

Yfirleitt er bara einn BREEAM Champion í hverju landi – vilja ekki samkeppni á milli aðila.

Bjarni varpar fram þeirri spurningu hvort það sé eitthvað í framtíðarplönunum BRE sem gæti gagnast íslenskum markaði sérstaklega.

- Svava Ana: Talar um að það sé mikill styrkur fyrir lítinn markað „þar sem allir þekkja alla“ að hafa BREEAM Champion fyrir miðlun kerfisins og framþróun. Styttri boðleiðir. Eins talar hún um að BRE sé hlynnt því að eiga frekara samstarf við Ísland um þróun kerfisins fyrir íslenskan markað. Að vera með Champion á markaðnum gerir sambandið við markaðinn betra.

BRE mun útvega kennslufni. Ákveðinn byrjunarpakki. Eins mun GB fá ákveðna % greidda af námskeiðsgjöldum.

Olga varpar fram þeirri spurningu hvort Grænni byggð muni frá tækifæri til að hafa áhrif á kröfurnar án þess að aðlaga kerfið beint fyrir íslenskan markað?

- Svava Ana: Það er mögulega hægt að hafa áhrif, t.d. með vinnustofum, þá mun BRE um leið öðlast betri skilning á notkun kerfisins á Íslandi. Tekur það þó skýrt fram að verið sé að vinna skv. alþjóðlegu skema (BREEAM International) sem er takmarkað hægt að breyta, þó markaðir virki á mismunandi hátt.

Það séu þó vissulega meiri tækifæri til að koma með „feedback“ um það sem myndi virka betur fyrir Ísland. Nánara samtal við BRE með því að vera Champion.

Ragnar varpar fram spurningu um hverjar séu helstu skyldurnar við þetta hlutverk?

- Svava Ana: Hún talar um að senda lista yfir helstu skyldur. „example of contract“ – er í vinnslu.

Bjarni spyr ym „Joint nordic schemes in future plans“?

- Svava Ana: Það eru fyrst og fremst löndin sem skemu hafa verið aðlöguð fyrir, eins og Noregur. Sem sagt bein aðlögun BREEAM að innlendum markaði í tilteknum löndum.

Að lokum kemur Ana því á framfæri að BRE vilji gjarnan frá endurgjöf frá Íslandi um það hvernig kerfið virkar á íslenskum markaði og hvað má betur fara.

Ana mun senda GB lista yfir helstu skyldur Champion aðila á næstunni.

Ana er þakkað fyrir góða kynningu af stjórnarmeðlimum.



## 2. Umræða um BREEAM Champion og BREEAM viðauka

Stjórnin tekur umræðuna um aðildana – kosti og galla.

GB myndi fá tekjur af námskeiðahaldi og BREEAM vottunum. Þessi aðild er fjárfesting fyrir félagið til lengri tíma lítið en getur tekið tíma og vinnu að sjá ávinninginn.

Þórhildur nefnir frá fundi sem hún átti með Kathrine frá Green Building Council Norway :

- Þetta er fyrst og fremst fjárfesting
- Þetta er vinna
- Hún sér ávinning, sem kemur seinna. En getur verið erfitt á köflum.
- Alveg skýrar línur að Champion fer ekki inn í ráðgjafahlutverkið. Eiga ekki að þurfa að vera árekstrar þar á milli.

Umræða um notkun kerfa á Norðurlöndunum.

Hvaða áhrif hefur þetta á fjárhagsmódel og bókhald félagsins?  
Við erum með takmarkaðan rekstur – fjárhagsmódelið breytist?

GB hefur verið með námskeið áður. Þetta snýst fyrst og fremst um forgangsriðun starfsmanns félagsins.

Eignarhald BRE. Var undir breska ríkinu en var svo einkavætt.

Þetta er langtíma fjárhagslega skuldbinding félagsins. Gefur félaginu tækifæri til að vaxa um leið og festa sig betur í sessi á íslenskum markaði.

Þórhildur leggur áherslu á umfang kerfisins á íslenskum markaði – það hefur orðið ákveðin fjárfesting í BREEAM og skuldbinding á markaðnum nú þegar. Staðan á íslenskum markaði í dag er þessi og við þurfum að taka tillit til þess.

Það er gott að velta upp spurningum. Gætum jafnvel bakkað út úr þessu seinna.

Verðum þó að passa að kafna ekki í þessu. Félagið þarf á þessum þunga að halda. Það væri ákjósanlegt að félagið gætu verið með einn starfsmann í þessu verkefni.

Spurningin er líka: Hver annar ætti að fóstora þetta hlutverk á Íslandi?  
Það er klárlega þörf fyrir að einhver taki þetta hlutverk að sér hérlendis.

Spurning er líka hversu langur tími líður uns við sjáum ávinning?

Starfsmaður í þetta – samlegð með öðrum verkefnum og þróun? Reyna að hugsa þetta á hagkvæman hátt.

**Niðurstaða: Stjórnin er frekar jákvæð með þeim fyrirvörum að hægt sé að bakka út úr þessu ef gengur illa. Niðurstaðan er sú að taka næstu skref í þessari vegferð. Fá að sjá samninginn og kröfurnar og taka svo upplýsta ákvörðun.**



### 3. Fundargerð síðast fundar - samþykkja

Fundargerð síðasta fundargerðar samþykkt án athugasemda.

### 4. Kynning frá Ólafi Wallevik - málefni Rb. og fleira

Ólafur heldur erindi um Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins.

Fer yfir skipurit og starfsemi félagsins síðustu ár og ákvörðun ráðherra um að leggja RB niður.

Fer yfir styrkjaumhverfi og fjárhagsstoðir. Takmarkaðir styrkir til að gera úttektir á vandamálum í „núinu“.

Hlutfall styrkveitinga og breytingar síðustu ára. Tækniþróunarsjóður.

Fer yfir áætlun ríkisstjórnar (markáætlun). Legga RB niður. Þegar 3 ár eru liðin fyrir þessa markáætlun stendur ekkert eftir fyrir þessa starfssemi.

Rekstrargrundvöllur mjög háð pólitísku umhverfi.

RB hefur veitt markaðnum aðhald – verið að grafa undan þeim stoðum. Það verður engin slík rannsóknarstofa eftir.

Fer yfir rannsóknir og tækniþróun RB – til að tryggja gæði í byggingariðnaði.

Hafa einnig komið að vistvæni bygginga og gert tilraunir með græna steypu á Íslandi.

Átakshópur: Betri byggingar.

Óljóst hvar RB lendir. Jafnvel undir öðru ráðuneyti? Verður skapaður sjóður.

Hvað vill Ólafur sjá?

Hann vill grunnupphæðina og setja í sjóð og svo verði reynt að safna frá öðrum. Ólafur myndi vilja sjá samstarf háskólanna um einingu sem gegnir þessu hlutverki.

Erfið staða varðandi RB.

Umræða um að það væri æskilegt að Nýsköpunarmiðstöð væri aðili sem hýsir sameiginlegan vettvang um rannsóknir í byggingariðnaði og vistvæna þróun.

Talað um að GB ætti að reyna að lobbýa fyrir þessari þróun í hag RB. Tala fyrir sameiginlegum vettvangi á vegum háskólanna. Bládagrein jafnvel eða bréf til ráðherra?



## 5. Fréttir úr starfinu - milli funda

Fréttabréfið farið út.

Þórhildur í viðtali í Samfélaginu á Rás 1 í gær.

Fundur með IcelandSif og HMS á föstudag – viðburður um græna hvata

- Í Noregi er fjármálagæirinn ekki aðili að grænni byggð.
- Það þarf að vinna í því að fjármálagæirinn sjái ljósið.
- Væri gott að hafa árlegt samstarf um grænar fjárfestingar.

Fundur með Katharinu Bramslev

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum (byggingargæirinn er þar inni núna). HMS og Þóra Margrét hafa verið að vinna í því, á að klárast fyrir 1. nóvember.

Morgunfundurinn í morgun – mjög vel heppnaður

- o Væri mjög gaman að vinna meira að Græna Treflinum og græna stígnum

18. sept aðild að WGBC

James Drinkwater – hættur hjá WGBC

Opnun á morgun – Geirsgötu 2, Hafnartorgi

IDAN vill vera með LCA og BREEAM námskeið í haust

BREEAM viðauki í bígerð – fá athugasemdir – breytingar

Verkefni með ÍAV varðandi losun frá byggingarsvæðum – hugmynd sbr. póstur frá verkefnum í Noregi

Létta á FSR – varðandi almenna upplýsingagjöf

Bæta upplýsingar um BREEAM – gera aðgengilegra

Dagskrá Dags Grænni byggðar tilbúin – ráðherra ekki búin að staðfesta

Loftgæði og leikskólar verkefnið í gangi – Elísabet Sara. Skoðanakönnun í bígerð.

Leiðbeinandi í verkefnum – Þórhildur hefur verið að fá fyrirspurnir um að vera leiðbeinandi. Hefur verið að neita því að vera formlegur leiðbeinandi, heldur að vera á hliðarlínunni. Hjálpa til.

Minni verkefni í gangi:

- Malgorzata – safna EPD á heimasíðuna – ca. 150.000
- Valentina – safna viðburðum



## **6. Stefnumótunarvinnustofa - með aðilum**

Prófa stefnumótunarfund með félögum í ágúst.  
Ragnar og Þórhildur undirbúa.

## **7. Rekstrarmál**

Sumarfrí í júlí og í byrjun ágúst – nánast engin starfsemi í júlí

GB hefur húsnæðið fram að áramótum hjá Reitum.

Gróska? Þórhildur hætt við það – dýr leiga. Gott fyrir félagið að vera í samvinnuumhverfi en félagið þarf að reyna að vera hagkvæmt eins og staðan er núna.

## **8. Annað**

Eftir fundinn fór stjórnin saman á Braggann í mat og drykki, slúttu góðum vetri hjá Grænni byggð.

Fundi slitið 17:00